

verði fjarlæggt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín, greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafist endurmats, og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið. Yfirmatsmennirnir skulu vera þrír og dómkvaddir af viðkomandi dómara. Kostnað við yfirmatsgjörð greiða aðilar eftir reglum í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

19. nóvember 1965.

Nr. 94.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval
innflutning á hvalveiðiskipi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. nóvember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.